



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 25. maí 2021

Ágæta samverkafólk.

Þá er komið að því að slakað er verulega á samkomutakmörkunum.

Heilbrigðisráðherra hefur gert breytingar á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem gildir frá deginum í dag til 16. júní. Reglugerðina í heild má nálgast hér:

[Reglugerð um breyttar samkomutakmarkanir frá 25. maí 2021.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Almenna reglan um samkomutakmarkanir er nú rýmkuð í 150 manns og nú er **allt að 300 manns** heimilt að vera viðstaddir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og sviðslistar-, menningar- og íþróttaviðburði, ráðstefnur, fyrirlestra eða sambærilega viðburði, **að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:**

1. Allir gestir séu **sitjandi** og ekki andspænis hver öðrum.
2. Allir gestir séu **skráðir**, a.m.k. nafn, kennitala og símanúmer. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
3. Allir gestir noti **andlitsgrímu** nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru.
4. Tryggt sé að fjarlægð milli ótengdra gesta sé a.m.k. **1 metri**.
5. *Áfengisveitingar séu ekki heimil.*
6. Skipuleggjendum viðburða er skylt að tryggja þegar gestir eru ekki í sætum, svo sem fyrir og eftir viðburð og í hléi, að ekki komi fleiri saman en 150 manns og virt sé 2 metra nálægðartakmörkun milli ótengdra aðila.
7. Þrátt fyrir að heimilt sé að hafa hlé á viðburðum skal biðja gesti um að halda kyrru fyrir í sætum sínum.
8. *Sala eða boð um veitingar er ekki heimil í hléi.*

Leturbreytingar eru mínar, þar sem sumt af skilyrðunum á meira við hjá okkur, en annað.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra varðandi hinar persónulegu sóttvarnir og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.

- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla sameiginlega snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Ég vil svo enn á ný hvetja ykkur til dáða á þessum skrýtnu tímum. Ég er þakklát fyrir ykkur kæra samverkafólk, bænir ykkar og æðruleysi, dugnað og elju.

*Heyr farfuglanna kvæðaklið,
er kría, tjaldur bregða við,
með gleðiraust og söngvaseim
úr suðurlöndum snúa heim*

(Sálmabókin 946:2, höf: séra Kristján Valur Ingólfsson)

Guð blessi ykkur í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.